

08. desember 2016

## Fréttatilkynning

Fuglavernd gefur út bókina: Væri ég fuglinn frjáls - fyrstu skrefin í fuglaskoðun

Fuglavernd hefur gefið út fræðslurit um fuglaskoðun sem ber heitið:  
Væri ég fuglinn frjáls – Fyrstu skrefin í fuglaskoðun.

Bókin er skrifað fyrir 4.-5. bekkina, en höfðar þó til allra sem eru að stíga sín fyrstu skref í þessu skemmtilega og fræðandi áhugamáli, jafnt heima sem í skóla. Á kápusíðum bókarinnar eru myndir af algengustu fuglum á Íslandi. Þeim er skipt niður í sex flokka eftir búsvæðum, skyldleika og lífsháttum: sjófuglar, vaðfuglar, máffuglar, landfuglar, vatnafuglar og spörfuglar. Þessi flokkun gerir ungum og áhugasömum fuglaskoðurum kleift að greina flesta þá fugla sem þeir sjá á fönnum vegi.

Í bókinni er að finna verkefni eftir árstíðum t.d. að fylgjast með farfuglum á vorin því koma farfuglanna er stór hluti vorkomunnar. Þá er fjallað um hvað þarf til fuglaskoðunar, hvert er hægt að fara, fóðrun fugla til að laða þá að gördum og fuglavernd.

Höfundur er Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur sem jafnframt tók ljósmyndir í bókina.

Fuglavernd þakkar sérstakleg eftirtöldum aðilum fyrir stuðning þeirra við útgáfu bókarinnar: Barnavinafélagið Sumargjöf, Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar stofnanda Hagkaups, Samfélagssjóður Valitor, Samfélagssjóður Landsbanks, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Ritið er fánleg í bókaverslunum Pennans/Eymundsson, Forlagsins og á skrifstofu Fuglaverndar, Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík og kostar 3.000 krónur.

### Um Fuglavernd

Fuglavernd eru frjáls félagasamtök um verndun fugla og búsvæði þeirra. Fuglavernd telur um 1300 félagsmenn. Fuglavernd er aðili að samtökunum BirdLife International sem vinna að verndun fugla og náttúrusvæða í 120 löndum.

Meðfylgjandi er mynd af: Bókarkápu, Væri ég fuglinn frjáls.

Ljósmyndari: Jóhann Óli Hilmarsson

Nánari upplýsingar veitir:

Jóhann Óli Hilmarsson | Fuglafræðingur | 567 3540 | 892 0299 | [johannoli@johannoli.com](mailto:johannoli@johannoli.com)